



BYGGÐASTOFNUN

Þjónustukönnun Norðurland vestra



Byggðastofnun 2016

Titill: Þjónustukönnun Norðurland vestra

Framkvæmd þjónustukönnunar: Maskína

Höfundur skýrslu: Sigríður Elín Þórðardóttir

Efnisyfirlit

Inngangur	5
Uppbygging skýrslu	5
Helstu niðurstöður	5
Um könnunina	6
Tilgangur og markmið	6
Framkvæmd.....	6
Þátttakendur	7
Tölfræðileg úrvinnsla	7
Niðurstöður	9
Yfirlit yfir þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra	9
Algeng þjónusta	16
Algeng þjónusta - matvöruverslun	16
Önnur algeng þjónusta	20
Heilbrigðisþjónusta	22
Sérvöruverslun.....	25
Afpreying.....	27
Einkarekin þjónusta og opinber þjónusta	28
Önnur þjónusta.....	29
Atvinnusókn	30
Lokaorð	33

Listi yfir töflur

Tafla 1. Yfirlit yfir þátttakendur í þjónustukönnun	7
Tafla 2. Hlutfall þjónustu sem var sótt á netið og erlendis	15
Tafla 3. Hvert þjónusta stórmarkaða var sótt síðast og meðalfjöldi skipta á mánuði	16
Tafla 4. Aldursflokkar og meðfjöldi skipta á mánuði sem þjónusta stórmarkað var sótt	18
Tafla 5. Staða á vinnumarkaði og meðalfjöldi skipta á mánuði sem þjónusta stórmarkað var sótt	18
Tafla 6. Hvert þjónusta dagvöruverslana var sótt síðast og meðalfjöldi skipta á mánuði	19
Tafla 7. Hlutfall íbúa í þéttbýli á Norðurlandi vestra sem sóttu síðast þjónustuna í heimabyggð	20
Tafla 8. Hvert heilsugæsluþjónusta var sótt og meðalfjöldi skipta á ári	23
Tafla 9. Heilbrigðisþjónusta - hlutfall svarenda sem nýtti þjónustuna og meðalfjöldi skipta á ári	23
Tafla 10. Hlutfall svarenda sem nýtti þjónustu sérverslana og meðalfjöldi skipta á ári	25
Tafla 11. Sérverslun á netinu og meðalfjöldi skipta á ár	26
Tafla 12. Einkarekin þjónusta og opinber þjónusta - hlutfall svarenda sem nýtti þjónustuna	28
Tafla 13. Hvert þjónusta banka/sparisjóðs var sótt síðast og meðalfjöldi skipta á ári	28
Tafla 14. Staða á vinnumarkaði	30
Tafla 15. Fjöldi kílómetra sem svarendur ferðast til vinnu, aðra leið	31

Listi yfir myndir

Mynd 1. Þjónustusókn íbúa á Sauðárkróki	9
Mynd 2. Þjónustusókn íbúa í dreifbýli í Skagafirði	10
Mynd 3. Þjónustusókn íbúa á Skagaströnd	11
Mynd 4. Þjónustusókn íbúa á Blönduósi	12
Mynd 5. Þjónustusókn íbúa í Austur-Húnavatnssýslu	13
Mynd 6. Þjónustusókn íbúa á Hvammstanga	14
Mynd 7. Þjónustusókn íbúa í Vestur-Húnavatnssýslu	15
Mynd 8. Hvert þjónusta stórmarkaða var sótt	18
Mynd 9. Hvert þjónusta dagvöruverslana var sótt síðast	20
Mynd 10. Hvert Heilbrigðisþjónusta var sótt síðast	24
Mynd 11. Hvert sérverslun var sótt síðast	26
Mynd 12. Hvert síðast var farið á veitingahús, tónleika, í leikhús og bíó	27
Mynd 13. Hvert þjónusta var sótt síðast - fasteignasala, lögfræðiþjónusta, bókhaldsþjónusta, Pósthús, vinnumálastofnun, tryggingafélag, Banki/sparisjóður	29
Mynd 14. Sækir þú vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn?	31
Mynd 15. Sækir þú atvinnu út fyrir þéttbýlisstaðinn/sveitabæinn? Flokkað eftir búsetu svarenda	32

Inngangur

Könnunin var framkvæmd í þeim tilgangi að skoða hvert íbúar á Norðurlandi vestra sækja helst þjónustu og nota könnunina sem fyrirmynd fyrir verklag við sambærilegar kannanir í öðrum landshlutum. Skýrslan inniheldur aðeins hluta niðurstaðna en hægt er að nálgast heildarskýrsluna á heimasíðu Byggðastofnunar www.byggdastofnun.is.

Uppbygging skýrslu

Í inngangskafli er greint frá helstu niðurstöðum könnunarinnar. Í öðrum kafla er markmiðum könnunarinnar gerð skil, framkvæmd hennar, þátttakendum og tölfræðilegri úrvinnslu. Í þriðja kafla er greint frá þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra, hvert íbúar sækja algenga þjónustu s.s. matvöruverslun, heilbrigðisþjónustu og þjónustu séerverslana s.s. fataverslun og húsgagnaverslun. Að lokum er umfjöllun um atvinnuþátttöku og atvinnusókn, hvort vinna sé sótt út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn.

Helstu niðurstöður

Íbúar á Sauðárkróki sóttu meirihluta þjónustunnar sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana á Sauðárkróki. Þjónustusókn íbúa sem búsettir eru í dreifbýli Skagafjarðar dreifist mun meira en íbúa á Sauðárkróki, en rétt rúmlega helmingur þjónustupátta voru sóttir til Sauðárkróks. Íbúar á Skagaströnd sóttu um helming þjónustupátta til fyrirtækja og stofnana á Skagaströnd og Blönduósi, mun fleiri þjónustupættir voru sóttir til höfuðborgarsvæðisins en til Akureyrar. Íbúar á Blönduósi sóttu um sex af hverjum tíu þjónustupáttum í könnuninni til fyrirtækja og stofnana á Blönduósi og um fimmtung til höfuðborgarsvæðisins. Ekki kom fram marktækur munur á þjónustusókn íbúa sem voru búsettir í dreifbýli í Austur-Húnavatnssýslu og íbúa á Blönduósi. Sá munur sem þó kom fram bendir til þess íbúar í dreifbýli Austur-Húnavatnssýslu hafi sótt fleiri þjónustupætti til Sauðárkróks og Akureyrar en íbúar á Blönduósi. Íbúar á Hvammstanga sóttu meirihluta þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Hvammstanga og rúmlega fimmtungur þjónustunnar sem spurt var um var sótt til höfuðborgarsvæðisins. Ekki kom fram marktækur munur á þjónustusókn íbúa sem voru búsettir í dreifbýli Vestur-Húnavatnssýslu

og íbúa á Hvammstanga. Um þriðjungur svarenda sótti vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn.

Um könnunina

Tilgangur og markmið

Í könnuninni var leitað svara við því hvert og hversu oft íbúar á Norðurlandi vestra sækja margvíslega þjónustu. Einnig var lögð áhersla á að kanna hvort þjónustusókn væri mismunandi eftir búsetusvæðum á Norðurlandi vestra. Spurt var um tíðni notkunar á þjónustu sem notuð er oft (mánaðarlega) og þeirri sem notuð er sjaldnar (á ársgrundvelli).

Framkvæmd

Úrtakið var 2900 manns á aldrinum 18 og eldri með lögheimili í janúar 2015 á Norðurlandi vestra. Tekið var lagskipt slembiúrtak úr Þjóðskrá.

Könnunin fór fram dagana 12. ágúst til 16. september 2015 og sá Maskína um þá vinnu. Hringt var í þá sem voru í úrtakinu og þeim boðið að svara í gegnum síma eða fá könnunina senda í tölvupósti. Svarhlutfall var 50,6% og á bilinu 45-53% á einstökum búsetusvæðum. Í þremur tilvikum þar sem ekki náðist lágmarksfjöldi svara (vantaði 6-20) var lögð áhersla á að ná í alla íbúa sem á annað borð höfðu skráð símanúmer. Alls svöruðu 1466 spurningakönnuninni, 708 karlar og 758 konur (tafla 1).

Þátttakendur

TAFLA 1. YFIRLIT YFIR ÞÁTTTAKENDUR Í ÞJÓNUSTUKÖNNUN

Breytur	Þátttakendur		Þýði Norðurland vestra	
	Fjöldi	Hlutfall %	Fjöldi	Hlutfall í þýði %
Kyn*				
Karl	708	48,3	3619	50,7
Kona	758	51,7	3518	49,3
Aldur				
18-40 ára	407	27,8	1760	33,7
41-55 ára	462	31,5	1354	26,1
55-67 ára	351	23,9	1083	20,8
Eldri en 67 ára	246	16,8	1010	19,4
Búseta				
Sauðárkrókur póstnúmer 550	322	21,9	2542	35,5
Skagafjörður dreifbýli póstnúmer 551,560,565 og 570	277	18,9	1540	21,6
Skagströnd póstnúmer 545	155	10,6	552	7,7
Blönduós póstnúmer 540	219	14,9	793	11,2
Austur-Húnavatnssýsla dreifbýli póstnúmer 541	142	9,7	515	7,3
Hvammstangi póstnúmer 530	167	11,5	551	7,7
Vestur-Húnavatnssýsla póstnúmer 500 og 531	184	12,5	644	9

*Tölur um kyn, aldur og búsetu eru frá Hagstofu Íslands 1. janúar 2015

Þegar tölur frá Hagstofu Íslands um mannfjölda frá 1. janúar 2015 eru skoðaðar kemur í ljós að karlar eru 50,7% mannfjöldans á Norðurlandi vestra og konur 49,3%. eru þessi hlutföll aðeins önnur en kynjahlutfall þátttakenda í könnuninni. Þegar mannfjöldatölur eru skoðaðar kemur í ljós að íbúar á Sauðárkróki eru 35,5% íbúa á Norðurlandi vestra en þetta hlutfall er mun hærra en í úrtakinu. Þar sem úrtakið er ekki hlutfallslega rétt lagskipt voru gögnin vigtuð við úrvinnslu til samræmis við íbúafjölda á þeim sjö búsetusvæðum sem voru til skoðunar. Því má ætla að úrtakið endurspegli nokkuð vel þýðið sem eru íbúar á Norðurlandi vestra.

Tölfræðileg úrvinnsla

Í greiningu er fyrst og fremst um lýsandi tölfræðiúrvinnslu að ræða. Í meginatriðum byggir umfjöllunin hér á greiningu svara eftir búsetu og þjónustusókn en aðeins um aðrar bakgrunnsbreytur ef fram kemur marktækur og markverður munur á svörum. Niðurstöður greininga eru settar fram í myndum eftir því sem við á sem sýna svarhlutföll einstakra

spurninga. Marktækni og áreiðanleiki niðurstaðna er metin með viðeigandi tölfræðilegum aðferðum í hvert sinn og er tekið mið af þeirri greiningu í umfjöllun um svör við einstökum spurningum og þeirra bakgrunnsbreyta sem til skoðunar eru hverju sinni. Í töflum fyrir meðaltal á mánuði/á ári eru svör allra, bæði þeirra sem nýttu sér þjónustuna og þeirra sem sögðust aldrei hafa nýtt hana (núll skipti). Því er það meðaltal lægra en meðaltölin sem eru greind eftir hvert þjónustan var sótt, því eingöngu þeir sem nýttu sér þjónustuna nefndu hvert þeir sóttu hana. Mesta mögulega skekkja væri ef að allir sem svara ekki nýti ekki þjónustuna og sú skekkja er u.þ.b. hlutfall þeirra sem svara ekki. Þannig gæti meðaltalið í 1. spurningu, (þjónustusókn í stórmarkað) 1,19 skipti um ferðir í stórmarkað mest orðið 11% lægra en það er ef enginn þeirra sem svara ekki nýtir þjónustuna (tafla 3). Þá væri meðaltalið 1,06 skipti í stað 1,19. Ef gert er ráð fyrir að um helmingur þeirra sem svara ekki, sem er 5-6% í 1. spurningu og þá færi meðaltalið úr 1,19 í 1,12. Brotfallið er yfirleitt á bilinu 10-20% í spurningunum, þannig að kannski má gera ráð fyrir að 5-10% ofmati á heildarmeðaltalinu fyrir hverja þjónustu. Tölfræðileg úrvinnsla var unnin í SPSS (Statistical Package for the Social Science) og sá Maskína um þá vinnu.

Skýringar á tölfræðihugtökum

Meðaltal er mæligildi á miðsækni svara. Það segir til um hvar þungamiðja svara við tiltekinni spurningu liggur. Formúla meðaltals í orðum er einfaldlega tölugildi svara allra þátttakenda eru lögð saman og deilt í með fjölda svara.


Staðalfrávik er mæligildi á það hve mikið svör við tiltekinni spurningu sem er mæld á samfelldan kvarða dreifast í kringum meðaltal hennar. Þannig að í tiltekinni spurningu þýðir lágt staðalfrávik að lítil munur sé á fjölda skipta sem tiltekin þjónusta var nýtt og meira að marka meðaltal fjölda skipta en þegar staðalfrávik er hátt, sem myndi þýða að meiri munur væri á hve oft þjónusta var sótt.

Kí-kvaðrat próf er marktektarpróf sem er notað til að meta hvort að marktækur munur er á bakgrunnshópum á svarkvörðum sem ekki teljast samfelldir, s.s. hvort marktækur munur er á þjónustusókn kvenna og karla eða búsetu svarenda.

Niðurstöður


Yfirlit yfir þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra

Þjónustusókn íbúa á Norðurlandi vestra var greind eftir sjö svæðum, þessi svæði eru Sauðárkrókur, Skagaströnd, Blönduós, Hvammstangi, dreifbýli Skagafjarðar, Austur-Húnavatnssýslu og Vestur-Húnavatnssýslu. Niðurstöður eru settar fram með myndum sem gefa til kynna hvert þjónusta var sótt **síðast**. Hafa ber í huga að myndirnar veita aðeins upplýsingar um þjónustuþættina sem spurt var um í könnuninni auk þess sem eingöngu er tekið tillit til þess hvert íbúar sóttu þjónustuna síðast, ekki hversu oft þeir nýttu þjónustuna. Suma þjónustu sækja íbúar oft t.d. matvöruverslun en aðra sjaldan t.d. bílaskoðun.




MYND 1. ÞJÓNUSTUSÓKN ÍBÚA Á SAUÐÁRKRÓKI

Niðurstöður leiða í ljós að íbúar á Sauðárkróki sóttu 72,4% þjónustunnar sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana á Sauðárkróki og að meiri þjónusta var sótt til Reykjavíkur/höfuðborgarsvæðisins en Akureyrar eða 12% á móti innan við 9% (mynd 1).




MYND 2. ÞJÓNUSTUSÓKN ÍBÚA Í DREIFBÝLI Í SKAGAFIRÐI

Íbúar í dreifbýli Skagafjarðar sóttu um 69% af þjónustunni sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana á Sauðárkróki, Hofsósi og í Varmahlíð. Þá var um 13% þjónustunnar sótt til Akureyrar og rúmlega 9% til Reykjavíkur/höfuðborgarsvæðisins (mynd 2).




MYND 3. ÞJÓNUSTUSÓKN ÍBÚA Á SKAGASTRÖND

Þjónustusókn íbúa á Skagaströnd dreifðist meira en íbúa á öðrum búsetusvæðum á Norðurlandi vestra. Íbúar á Skagaströnd sóttu rúmlega 36% þjónustunnar sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana á Skagaströnd, 21% þjónustunnar var sótt til Reykjavíkur/höfuðborgarsvæðisins og 15% til Blönduóss, tæplega 11% til Akureyrar og um 9% til Sauðárkróks (mynd 3).




MYND 4. ÞJÓNUSTUSÓKN ÍBÚA Á BLÖNDUÓSI

Íbúar á Blönduósi sóttu um 58% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Blönduósi, þá var 19% sótt síðast til Reykjavíkur/höfuðborgarsvæðisins, innan við 7% þjónustunnar var sótt til Sauðárkróks og rétt rúmlega 7% til Akureyrar (mynd 4).




MYND 5. ÞJÓNUSTUSÓKN ÍBÚA Í AUSTUR-HÚNAVATNSSÝSLU

Íbúar í Austur-Húnavatnssýslu sóttu um 48% þjónustunnar sem spurt var um til Blönduóss, þá var tæplega 20% sótt til Reykjavíkur/höfuðborgarsvæðisins, 13% til Akureyrar og um 9% til Sauðárkróks (mynd 5).



MYND 6. ÞJÓNUSTUSÓKN ÍBÚA Á HVAMMSTANGA

Íbúar á Hvammstanga sóttu um 63% þjónustunnar sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana á Hvammstanga, um 22% þjónustunnar var sótt til Reykjavíkur/höfuðborgarsvæðisins, um 3% til Akureyrar og tæplega 3% til Blönduóss (mynd 6).



MYND 7. ÞJÓNUSTUSÓKN ÍBÚA Í VESTUR-HÚNAVATNSSÝSLU

Íbúar í Vestur-Húnavatnssýslu sóttu 52% þjónustunnar til fyrirtækja og stofnana á Hvammstanga og um 25% þjónustunnar sem spurt var um var sótt til Reykjavíkur/höfuðborgarsvæðisins. Innan við 3% þjónustunnar var sótt til Akureyrar en 3,5% til Blönduóss (mynd 7).

Að meðaltali sóttu íbúar 1,2% þjónustunnar á netið og 1,5% erlendis (tafla 2).

TAFLA 2. HLUTFALL ÞJÓNUSTU SEM VAR SÓTT Á NETIÐ OG ERLENDIS

Búseta þátttakenda	Þjónusta sótt síðast á netið	Þjónusta sótt síðast erlendis
	%	%
Sauðárkrókur	1,1	1,7
Skagafjörður dreifbýli	1,1	1,3
Skagaströnd	1,5	1,5
Blönduós	1	1,6
Austur-Húnavatnssýsla dreifbýli	1	1,2
Hvammstangi	1,2	1,8
Vestur-Húnavatnssýsla dreifbýli	1,3	1,5


Algeng þjónusta

Spurt var hvert þjónusta matvöruverslana, bensínstöðva, apóteka, bakaría, vínbúða, almenningsbókasafna, líkamsræktarstöðva, sundstaða og skyndibitastaða var sótt síðast og hversu oft í mánuði þjónustan var nýtt.

Algeng þjónusta - matvöruverslun

Stórmarkaður er hér notað sem samheiti fyrir Bónus, Nettó og Krónuna. Íbúar á Norðurlandi vestra þurftu að sækja þjónustuna út fyrir landshlutann þegar könnunin var framkvæmd.

TAFLA 3. HVERT ÞJÓNUSTA STÓRMARKAÐA VAR SÓTT SÍÐAST OG MEÐALFJÖLDI SKIPTA Á MÁNUÐI



Svarendur fóru að meðaltali 1,19 sinnum í mánuði í stórmarkað, flestir sóttu þjónustuna til Akureyrar en fram kom marktækur munur á hve oft þjónustan var sótt og hvert hún var sótt eftir búsetu, aldri og stöðu þátttakenda á vinnumarkaði.


Íbúar á Sauðárkróki fóru að meðaltali einu sinni í mánuði í stórmarkað, um 61% verslaði síðast á Akureyri, 23% sóttu þjónustuna til Reykjavíkur/höfuðborgarsvæðisins og um 10% versluðu síðast í Borgarnesi.

Íbúar í dreifbýli Skagafjarðar versluðu að meðaltali einu sinni í mánuði og afgerandi meirihluti eða 77% versluðu síðast á Akureyri. Skagstrendingar fóru að meðaltali 1,21 skipti í mánuði í stórmarkað, ríflega helmingur eða 52% sóttu þjónustuna síðast til Akureyrar, 29% sóttu þjónustuna til Reykjavíkur/höfuðborgarsvæðisins og um 12% versluðu síðast í Borgarnesi.

Íbúar á Blönduósi fóru að jafnaði 1,5 skipti í mánuði og dreifðist verslun nokkuð jafnt á milli landshluta, 37% versluðu síðast í stórmarkaði á Akureyri, 29% í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu, en um 24% versluðu síðast í Borgarnesi.

Íbúar í dreifbýli í Austur-Húnavatnssýslu sóttu þjónustuna meðaltali tvisvar í mánuði og flestir eða 55% sóttu þjónustuna til Akureyrar, 23% versluðu síðast í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu og 18% í Borgarnesi.

Íbúar á Hvammstanga fóru að jafnaði 1,27 skipti í stórmarkað, meirihluti eða 48% versluðu síðast í Borgarnesi, 36% fóru síðast í stórmarkað í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu. Íbúar búsettir í dreifbýli í Vestur-Húnavatnssýslu fóru að meðaltali í 1,75 skipti í mánuði og þeir voru marktækt líklegri en aðrir íbúar á Norðurlandi vestra til að versla í stórmarkaði í Borgarnesi en þar versluðu 58% síðast, rúmlega 28% fóru síðast í stórmarkað í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu og um 10% sóttu þjónustuna til Akureyrar (mynd 8).



MYND 8. HVERT ÞJÓNUSTA STÓRMARKAÐA VAR SÓTT

Ekki kom fram marktækur munur á hve oft konur og karlar fóru í stórmakað, hins vegar kom fram marktækur munur eftir aldri og stöðu á vinnumarkaði.

TAFLA 4. ALDURSFLOKKAR OG MEÐALFJÖLDI SKIPTA Á MÁNUÐI SEM ÞJÓNUSTA STÓRMARKAÐA VAR SÓTT

Aldur	Meðalfjöldi skipta á mánuði
40 ára og yngri	1,82
41-55 ára	1,16
56-67 ára	1,19
Eldri en 67 ára	1,03

Könnunin bendir til þess að aldurshópurinn 40 ára og yngri hafi verslað að meðaltali 1,8 sinnum í mánuði í stórmakaði en 67 ára og eldri að meðaltali einu sinni í mánuði, munurinn var marktækur (tafla 4). Fram kom enn meiri munur á hve oft var verslaði í stórmakað þegar gögnin voru greind eftir stöðu svarenda á vinnumarkaði.


TAFLA 5. STAÐA Á VINNUMARKAÐI OG MEÐALFJÖLDI SKIPTA Á MÁNUÐI SEM ÞJÓNUSTA STÓRMARKAÐA VAR SÓTT

Staða á vinnumarkaði	Meðalfjöldi skipta á mánuði
Í fullu starfi/hlutastarfi	1,25
Sjálfstætt starfandi	1,21
Öryrki, ellilífeyrisþegi	1,02
Nemar, atvinnulausir, fæðingaorlofi	2,73


Nemar, atvinnulausir og einstaklingar í fæðingarorlofi fóru að meðaltali 2,73 sinnum í mánuði í stórmarkað en öryrkjar og ellilífeyrisþegar sem sóttu þjónustuna sjaldnast eða að jafnaði einu sinni í mánuði, munurinn var marktækur (tafla 5).

Alls svöruðu 1222 þátttakendur hvar þeir versluðu síðast í dagvöruverslun (allar dagvöruverslanir fyrir utan stórmarkaði þ.e. Bónus, Nettó og Krónuna) og hversu oft þjónustan var nýtt í mánuði (tafla 6).

TAFLA 6. HVERT ÞJÓNUSTA DAGVÖRUVERSLANA VAR SÓTT SÍÐAST OG MEÐALFJÖLDI SKIPTA Á MÁNUÐI



Að meðaltali sögðust svarendur fara þriðja hvern dag í dagvöruverslun, eða 11,38 sinnum í mánuði. Skagstrendingar fóru oftast, eða annan hvern dag í dagvöruverslun en íbúar í dreifbýli í Vestur-Húnavatnssýslu sjaldnast, eða að meðaltali fjórða hvern dag. Afgerandi meirihluti svarenda nýtti síðast þjónustu dagvöruverslana í sinni heimabyggð (mynd 9).



MYND 9. HVERT ÞJÓNUSTA DAGVÖRUVERSLANA VAR SÓTT SÍÐAST

Önnur algeng þjónusta

Einnig var spurt hvert og hve oft í mánuði var farið á bensínstöð, í apótek, bakarí, vínbúð, á almenningsbókasafn, í líkamsrækt, sund og á skyndibita stað. Ekki kom fram afgerandi munur eftir búsetu svarenda á tíðni notkunar. Sá munur sem þó kom fram bendir til þess að Skagstrendingar nýti þjónustu bensínstöðva oftast eða að meðaltali sex sinnum í mánuði en íbúar Hvammstanga sjaldnast eða að meðaltali þrisvar sinnum í mánuði. Sauðkrækingar fóru oftast í bakarí eða að meðaltali 3,4 sinnum í mánuði en Skagstrendingar sjaldnast, eða í 0,72 skipti. Þá nýttu íbúar á Sauðárkróki þjónustu líkamsræktarstöðva að meðaltali 8,34 sinnum í mánuði á meðan íbúar í dreifbýli Skagafjarðar nýttu sömu þjónustu að meðaltali 4,3 sinnum í mánuði.

TAFLA 7. HLUTFALL ÍBÚA Í ÞÉTTBÝLI Á NORÐURLANDI VESTRA SEM SÓTTU SÍÐAST ÞJÓNUSTUNA Í HEIMABYGGÐ

Þjónusta	Bensínstöð	Apótek	Bakarí	Vínbúð	Bókasafn	Líkamsrækt	Sund	Skyndibita- staður
	%	%	%	%	%	%	%	%
Íbúar á Sauðárkróki	92	93	92	90	91	90	63	62
Íbúar á Skagatrönd	77	80	0	0	91	78	47	45
Íbúar á Blönduósi	94	94	20	90	96	97	89	44
Íbúar á Hvammstanga	89	94	42	93	96	93	88	25

Afgerandi meirihluti svarenda sótti þjónustuna sem spurt var um og fram kemur í töflu 7 síðast til fyrirtækja og stofnana í sinni heimabyggð, en á því voru nokkrar undantekningar.

Í fyrsta lagi var ekki bakarí né vínbúð á Skagaströnd þegar könnunin fór fram. Flestir Skagstrendingar fóru síðast í bakarí á Sauðárkróki, eða um 40% og um 75% fóru síðast í vínbúð á Blönduósi. Í öðru lagi fóru flestir íbúar á Blönduósi síðast í bakarí í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu, eða 32%. Í þriðja lagi fór meirihluti íbúa á Hvammstanga síðast á skyndibitastað í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu, eða 39%.

Um 90% íbúa í dreifbýli Skagafjarðar sóttu síðast þjónustuna til Sauðkróks hvað varðar apótek, vínbúð og bakarí. Um 45% sóttu þjónustu bensínstöðva síðast á Sauðárkróki og um 33% í Varmahlíð. Meirihluti eða 40% fóru síðast í sund í Varmahlíð, um 30% á Hofsósi og um 16% fóru síðast í sund á Sauðárkróki. Um 50% sóttu síðast bókasafnsþjónustu og líkamsræktarstöð á Sauðárkróki en hinn helmingurinn sótti þjónustuna síðast til Varmahlíðar, Hofsóss eða annað. Um 36% fór síðast á skyndibitastað á Sauðarkróki, um 22% á Akureyri og 16% á höfuðborgarsvæðinu.

Þjónustusókn svarenda sem voru búsettir í dreifbýli Austur-Húnavatnssýslu var í meginatriðum til Blönduóss en þangað sóttu afgerandi flestir eða á bilinu 80-94% síðast þjónustuna sem spurt var um. Með tveimur undantekningum en þjónustusókn í bakarí dreifist í meginatriðum til þriggja staða, til Sauðárkróks, höfuðborgarsvæðisins og Akureyrar. Um 41% fór síðast á skyndibitastað á Blönduósi en um 30% fóru síðast í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu og um 19% nýttu þjónustuna á Akureyri.

Í meginatriðum var þjónustusókn íbúa í dreifbýli í Vestur-Húnavatnssýslu til Hvammstanga. Líkt og á öðrum svæðum dreifist þjónustusókn íbúa í bakarí. Svipað hlutfall eða um 30% nýttu síðast þjónustuna í bakarí í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu, Borgarnesi og Hvammstanga. Um 31% fór síðast á skyndibitastað í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu, en 21% á Hvammstanga og um 15% sögðust hafa nýtt þjónustuna í Staðarskála.

Um 16% þátttakenda í könnuninni nýttu möguleika á að koma á framfæri skilaboðum eða athugasemdum. Hér fyrir neðan eru nokkrar tilvitnanir í þátttakendum sem tengjast umfjöllun um algenga þjónustu.

Þjónustustig á Norðurlandi vestra er á mjög góðu róli og gott að búa hér t.d. þegar eitthvað er að veðri. Vegurinn mokaður stanslaust og rafmagn mjög stórt. Gjörbreyst síðustu 15-20 árin.

Þjónustan er merkilega góð Héðan er eiginlega aldrei ófært sem er stór plús. Þetta er þægilegur staður... .

Við höfum allt sem við þurfum hér Við förum bara út fyrir bæinn okkur til skemmtunar.

... Það hlýtur að vera erfitt að halda þjónustustigi háu þar sem aðeins um 1200 íbúar búa. Hér er gott að lifa og ala upp börn og við höfum allt til alls... .

Þá komu fram eftirfarandi athugasemdir sem tengjast matvöruverslun og samkeppni.


Ég mundi vilja Bónus væri hér á Norðurlandi vestra, samkeppni er af hinu góða. einhæf verslunarstarfsemi og engin samkeppni. Nýir aðilar eiga mjög erfitt með að hasla sér völl.

Oft höfum við spurt okkur er gott að búa í Skagafirði? En ég skil ekki alveg af hverju við búum í Skagafirði því hér er hæst vöruverð í landinu og lægsta kaupverð... enda reynum við að sækja sem mest á Akureyri.

Heilbrigðisþjónusta


Þátttakendur voru spurðir um hvert þeir sóttu síðast heilsugæsluþjónustu/heimilislæknir, þjónustu sérfræðilæknis, tannlæknis, þjónustu sjúkráðgjafa og sérfræðiráðgjöf s.s. geðlæknis ,félagsráðgjafa.

Flestir höfðu nýtt heilsugæsluþjónustu/heimilislæknir eða um 76% þátttakenda og að meðaltali var þjónusta sótt í 3,57 skipti á 12 mánaða tímabili (tafla 8).

TAFLA 8. HVERT HEILSUGÆSLUÞJÓNUSTA VAR SÓTT OG MEÐALFJÖLDI SKIPTA Á ÁRI

TAFLA 9. HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA - HLUTFALL SVARENDA SEM NÝTTI ÞJÓNUSTUNA OG MEÐALFJÖLDI SKIPTA Á ÁRI

Síðastliðnir 12 mánuðir	Heilsugæsla/heimilislæknir	Sérfræðilæknir	Tannlæknir	Sjúkrapjálfun	Sérfræðiráðgjöf
Hlutfall þátttakenda sem nýtti þjónustuna	76%	48%	67%	26%	13%
Meðalfjöldi skipta	3,57	1,29	1,39	5,48	0,49
Staðalfrávik	5,83	2,38	1,49	20,56	2,06

Um 67% svarenda söguðust hafa farið til tannlæknis á tímabilinu og að meðaltali var þjónustan nýtt í 1,29 skipti á ári. Hátt í helmingur eða 48% svarenda sögðust hafa farið til sérfræðilæknis á undanförunum 12 mánuðum flestir sóttu þjónustuna út fyrir landshlutann (tafla 9 og mynd 10).



MYND 10. HVERT HEILBRIGÐISÞJÓNUSTA VAR SÓTT SÍÐAST

Meirihluti svarenda, eða 74% fóru síðast til tannlæknis á Sauðárkróki. Afgerandi meirihluti eða 90% fóru síðast til sjúkraþjálfara á Norðurlandi vestra, flestir nýttu þjónustu sjúkraþjálfara á Sauðárkróki og um fimmtungur fór til sjúkraþjálfara á Hvammstanga. Niðurstöður benda til þess að meirihluti svarenda hafi sótt síðast heilbrigðisþjónustuna sem spurt var um til Sauðárkróks með þeirri undantekningu að aðeins fimmtungur fór síðast til sérfræðilæknis á Sauðárkróki, en flestir fóru til sérfræðilæknis á höfuðborgarsvæðinu, eða 46% (mynd 10).

Eftirfarandi tilvitnanir lýsa nokkuð vel athugasemdum sem fram komu í könnuninni um heilbrigðisþjónustuna en flestir nefndu skort á þjónustu og erfitt aðgengi:

Öryggi foreldra er fyrsta val um búsetu og að fæðing og menntun barna þeirra sé tryggð á heimaslóð. Því miður hefur býsna góðri heilbrigðisþjónustu landsbyggðarinnar verið fórnað á undanförunum árum fyrir einhverskonar „hagræðingu“.

Það þarf að bæta verulega þjónustu við barnshafandi konur í sveitarfélaginu, það er ekki bjóðandi að keyra til Akureyrar í hvað veðri sem er við fæðingu barns. Það er bæði lífshættulegt og veldur miklum kvíða og óþægindum fyrir

alla sem koma að... .

Vantar fastráðna lækna sem mynda tengsl við sjúklingana.

Vantar aðstoð við þá sem greinast með alvarleg veikindi. Vantar leiðsögn í gegnum kerfið. Fer illa með fólk sem hefur misst heilsuna að missa allar tekjur í kjölfarið.

Erfitt að þurfa að sækja sérfræðilæknisþjónustu langan veg og geta ekki flogið á milli. Vera t.d. ófær um að aka og þurfa því að fá fylgdarmann ef um aðgerðir er að ræða. Einnig eru bilanir á heyrnatækjum og gleraugum erfið því senda þarf slíkt til Reykjavíkur til viðgerða og vera óvinnufær á meðan.


Sérvöruverslun

Í könnuninni var spurt hvert þjónusta sex sérvöruverslana var sótt og hér er samheitið notað yfir húsgagnaverslun, raftækjaverslun, byggingarvöruverslun, skóbúð, fataverslun og bókabúð.

TAFLA 10. HLUTFALL SVARENDA SEM NÝTTI ÞJÓNUSTU SÉRVERSLANA OG MEÐALFJÖLDI SKIPTA Á ÁRI

Síðastliðnir 12 mánuðir	Bókabúð	Fataverslun	Skóbúð	Byggingarvöruverslun	Raftækjaverslun	Húsgagnaverslun
Hlutfall sem nýtti þjónustuna	45%	72%	58%	76%	55%	33%
Meðalfjöldi skipta	1,84	4,84	1,77	10,12	2,37	0,94

Flestir nýttu þjónustu byggingarvöruverslana á tímabilinu eða um 76% svarenda og var þjónusta nýtt að meðaltali 10 sinnum á 12 mánaða tímabili. Næstflestir nýttu þjónustu fataverslana eða um tæplega 72%, að meðaltali var þjónustan nýtt í 4,84 skipti á 12 mánaða tímabili (tafla 10).



MYND 11. HVERT SÉRVÖRUVERSLUN VAR SÓTT SÍÐAST

Þegar skoðað er hvert þjónusta sérvöruverslana var sótt síðast kom í ljós fimm af sex þjónustubáttum sem spurt var um var sótt út fyrir landshlutann. Hins vegar nýtti meirihluti svarenda síðast þjónustu byggingarvöruverslana á Norðurlandi vestra, helmingur nýtti þjónustuna á Sauðárkróki og fimmtungur á Hvammstanga (mynd 10). Engin húsgagnaverslun var á Norðurlandi vestra þegar könnunin fór fram en meirihluti svarenda sótti síðast þjónustuna til höfuðborgarsvæðisins eða 67% og 23% nýttu þjónustuna síðast á Akureyri. Niðurstöður leiða í ljós að 16% svarenda versluðu síðast í skóbúð erlendis og 15% fóru síðast í fataverslun erlendis (mynd 11).

TAFLA 11. SÉRVÖRUVERSLUN Á NETINU OG MEÐALFJÖLDI SKIPTA Á ÁR

Síðastliðnir 12 mánuðir	Netið	Meðaltal	Staðalfrávik
	Fjöldi skipta	Fjöldi skipta	Fjöldi skipta
Fataverslun	11,2	4,84	7,28
Bókabúð	7,8	1,84	4,42

Þeir sem söguðust hafa verslað síðast fót á netinu nýttu þjónustuna að meðaltali 11 sinnum á tólf mánaða tímabili en svarendur sem sóttu sérvöruverslunina heim versluðu að meðaltali 4,84 sinnum á sama tímabili. Svarendur sem sögðust versla bækur á netinu


reyndust versla marktækt oftár en þeir sem fóru í bókabúðina, eða 7,8 skipti á móti 1,84 skipti á 12 mánaða tímabili (tafla 11). Eftirfarandi tilvitnanir veita innsýn í viðhorf tveggja svarenda til þjónustunnar sem í boði er á Norðurlandi vestra:

Það er ekki alltaf spurning um hvaða þjónusta er í boði næst þér, heldur hvað hún kostar og hversu góð hún er.

Ef það fæst ekki í kaupfélaginu þá þarf ég ekki á því að halda.

Afþreying

Spurt var hvert var farið síðast í bíó, á veitingahús þar sem þjónað er til borðs, í leikhús og á tónleika. Flestir þátttakendur höfðu farið á veitingahús eða 71%, 51% á tónleika, 40% í bíó og um 33% fóru í leikhús á síðastliðnum 12 mánuðum.



MYND 12. HVERT SÍÐAST VAR FARIÐ Á VEITINGAHÚS, TÓNLEIKA, Í LEIKHÚS OG BÍÓ

Meirihluti svarenda fór síðast í bíó og leikhús í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu (mynd 11). Um 45% svarenda fóru síðast á tónleika á Norðurlandi vestra og 40% fóru einnig síðast í leikhús í landshlutanum. Af svörum um veitingahús sem voru flokkuð undir *annars staðar* má nefna að 10% svarenda fóru síðast á veitingahús erlendis (mynd 12).

Einkarekin þjónusta og opinber þjónusta


Flestir svarendur nýttu þjónustu banka/sparisjóða og pósthús þjónustu en færstir þjónustu Vinnumálastofnunar á tímabilinu sem spurt var um (tafla 12).

TAFLA 12. EINKAREKIN ÞJÓNUSTA OG OPINBER ÞJÓNUSTA - HLUTFALL SVARENDA SEM NÝTTI ÞJÓNUSTUNA

Síðastliðna 12 mánuði	Banki/ sparisjóður	Trygginga- félag	Vinnumála- stofnun	Pósthús	Bókhalds- þjónusta	Lögfræði- þjónusta	Fasteignasala
	%	%	%	%	%	%	%
Nýttu þjónustuna	80	54	6	80	37	9	14
Nýttu ekki þjónustuna	8	33	78	9	49	75	71
Svöruðu ekki	12	13	16	11	14	16	15

Um 8% svarenda söguðust hafa notað netið þegar þeir nýttu þjónusta banka/sparisjóða síðast. Netnotendur nýttu þjónustuna marktækt oftar en þeir sem fóru í bankann/sparisjóðinn (tafla 13).

TAFLA 13. HVERT ÞJÓNUSTA BANKA/SPARISJÓÐS VAR SÓTT SÍÐAST OG MEÐALFJÖLDI SKIPTA Á ÁRI



Um 41% þátttakenda í könnuninni bjuggu í dreifbýli en það getur að hluta til skýrt hve fáir nýttu netþjónustu banka/sparisjóða. Eftirfarandi tilvitnanir benda til þess aðgengi háhraða


nettengingu sé ábótavant og uppfylli ekki kröfur íbúa í dreifbýli á Norðurlandi vestra þegar könnunin fór fram:

...hér er þjónusta í net- og sjónvarpsmálum svo afspyrnu léleg að það er eins og ég lifi á annarri öld en íbúar í næsta þéttbýli sem er 10 km frá (íbúi í dreifbýli í Skagafirði).

Ekkert minnst á netvæðingu í dreifbýlisins á svæðinu sem er mjög léleg (íbúi í dreifbýli í Austur- Húnavatnssýslu).

Fjarskipti er í miklu ólagi og óréttlátt að borga fyrir sjónvarp sem ekki er hægt að nota (íbúi í dreifbýli í Vestur-Húnavatnssýslu).

Þegar skoðað er hvert þjónusta var sótt kemur í ljós að meirihluti svarenda sótti þjónustuna sem spurt var um til fyrirtækja og stofnana á Norðurlandi vestra að undaskyldri lögfræðiþjónustu en meirihluti svarenda sótti þjónustuna til lögfræðistofa í Reykjavík/höfuðborgarsvæðinu (mynd 13).



MYND 13. HVERT ÞJÓNUSTA VAR SÓTT SÍÐAST - FASTEIGNASALA, LÖGFRÆÐIÞJÓNUSTA, BÓKHALDSÞJÓNUSTA, PÓSTHÚS, VINNUMÁLASTOFNUN, TRYGGINGAFÉLAG, BANKI/SPARISJÓÐUR

Önnur þjónusta


Allir þátttakendur voru spurðir hvort þeir höfðu þurft að sækja einhverja aðra þjónusta en

sem var talin upp í könnuninni síðastliðna 12 mánuði. Alls bárust 193 athugasemdir. Þeir sem nefndu tiltekna þjónustu þurftu að sækja hana til Reykjavíkur eða Akureyrar, þar af þurfti þriðjungur að sækja sér ýmiss konar heilbrigðisþjónustu s.s. segulóm skoðun, fara til augnlæknis, barnalæknis, geðlæknis og sækja þjónustu vegna fæðingu barns. Sumir þurftu að sækja ýmiss konar ökutækja- eða vélþjónusta, þjónustu bílasala og vegna búvélaviðgerða. Í sambandi við verslun þá nefndu þátttakendur m.a. lágvöruverslun, fiskbúð, varahlutaverslun og hannyrðaverslun.


Atvinnusókn

Alls svöruðu 1330 þátttakendur spurningu um stöðu á vinnumarkaði, eða um 91%. Flestir voru í fullu starfi sem launþegar eða 44% og næstflestir eða 21% voru sjálfstætt starfandi þegar könnunin fór fram (tafla 14).

TAFLA 14. STAÐA Á VINNUMARKAÐI



Að lokum voru þátttakendur spurðir hvort þeir sæktu vinnu út fyrir þéttbýlisstaðinn/sveitabæinn. Samtals fengu 1005 þátttakendur spurninguna, en aðeins þeir sem voru í vinnu og höfðu fasta búsetu einhvern hluta ársins á Norðurlandi vestra fengu spurninguna. Alls svöruðu 1003 spurningunni, eða 99,8%. Niðurstöður leiða í ljós að 309 manns, eða 31% sóttu vinnu út fyrir þéttbýlisstaðinn/sveitabæinn (mynd 14).




MYND 14. SÆKIR ÞÚ VINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLIÐ/SVEITABÆINN?

Ekki kom fram marktækur munur á atvinnusókn karla og kvenna, en af þeim 309 sem sóttu vinnu út fyrir þéttbýlisstaðinn/sveitabæinn voru 143 konur og 165 karlar. Þátttakendur voru einnig spurðir hve marga kílómetra þeir ferðast til vinnu, (aðra leið). Hlutfallslega fleiri karlar en konur ferðast fleiri en 25 kílómetra til vinnu, en munurinn var ekki marktækur (tafla 15).

TAFLA 15. FJÖLDI KÍLÓMETRA SEM SVARENDAR FERÐAST TIL VINNU, AÐRA LEIÐ

Fjöldi km til vinnu, aðra leið	10 km eða færri	11-25 km	Fleiri en 25 km
	%	%	%
Karlar	34	32	34
Konur	37	36	27



MYND 15. SÆKIR ÞÚ ATVINNU ÚT FYRIR ÞÉTTBÝLISSTAÐINN/SVEITABÆINN? FLOKKAÐ EFTIR BÚSETU SVARENDA

Íbúar í dreifbýli var marktækt líklegri en íbúar í þéttbýli til að sækja vinnu út fyrir sveitabæinn/þéttbýlið. Fram kom að tæplega 61% íbúa í dreifbýli í Austur-Húnavatnssýslu sóttu vinnu út fyrir sveitabæinn, rúmlega 49% íbúa sem búsettir voru í dreifbýli Skagafjarðar og 43% íbúa í dreifbýli í Vestur-Húnavatnssýslu (mynd 14).

Lokaorð

Þjónustusókn er mismunandi eftir búsetusvæðum. Könnunin bendir til þess að íbúar á Skagaströnd sækja meiri þjónustu út fyrir sína heimabyggð en íbúar á Blönduósi, Hvammstanga og Sauðárkróki. Þá sækja íbúar í dreifbýli í Austur- og Vestur Húnavatnssýslum frekar þjónustu til höfuðborgarsvæðisins en til Akureyrar en því var öfugt farið hjá íbúum í dreifbýli í Skagafirði þar sem meiri þjónusta var sótt til Akureyrar en til höfuðborgarsvæðisins. Um þriðjungur svarenda sem voru í vinnu þegar könnunin var framkvæmd sóttu vinnu út fyrir þéttbýlið/sveitabæinn. Þriðjungur ferðast meira en 25 km aðra leið til vinnu.